**153. löggjafarþing 2022–2023.**
**Þingskjal 1996 — 1158. mál.**

# Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um ákvörðun og framkvæmd þvingaðrar lyfjagjafar við brottvísanir.**

Frá Andrési Inga Jónssyni.

Á hvers vegum var það heilbrigðisstarfsfólk sem ákvað og framkvæmdi þvingaða lyfjagjöf í tengslum við brottvísanir, sbr. svar á þskj. 411, í ljósi þess að fram kemur í svari heilbrigðisráðherra á þskj. 1944 að ekki sé um að ræða fólk sem starfi hjá heilbrigðisstofnunum eða heilsugæslum?

**Skriflegt svar óskast.**